



Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - www.torah.is
Birt með leyfi höfundar - www.m7000.com

10. þáttur af 18

YHWH—Yehudah

יהוה

Esekíel 36.20 Og þeir komu til hinna heiðnu þjóða. Hvar sem þeir komu, þar vanhelguðu þeir mitt heilaga nafn, með því að mönnum fórust svo orð um þá: 'Þetta er lýður YHWH, og þó urðu þeir að fara burt úr landi sínu!' (Einnig Róm. 2.24)

Skjámynd:

Galatabréfið 2.16 Því við vitum, að synir manna réttlætast ekki af lögmálsverkum, heldur fyrir trú á Yeshua Messías. Jafnvel við sem trúðum á hann, vitum að það er fyrir trú á Messías sem við réttlætumst, en ekki fyrir lögmálsverk. Enda réttlætist enginn lifandi maður af lögmálsverkum.

„Lögmálsverk“ - hver eru þau?

- Halachot - rabbínsk túlkun faríseanna á hinu ritaða Torah. Það vinnur út reglur eða kennslu, (*drash*) úr Torah. Samhengi er talið málinu óviðkomandi.
- Takanot - ný lögleiðing trúarlaga sem bætt er við hið ritaða Torah með valdi hins „munnlega Torah.“ Ritningin er ekki notuð til grundvallar þessara laga.
- Ma'asim - fordæmi rabbína, eða „verk“ sem leiða til stofnunnar nýrra laga sem eru bindandi fyrir allan Ísrael, hvort sem er í landinu eða í útleið. (Sjá lög íslam um *Hadit*: Ef Múhameð gerði eitthvað, eiga múslimar að gera það líka, jafnvel þótt það sé ekki ritað í Kóraninum.)
- Minhagim – hefðir sem hafa orðið að lögum bara vegna þess að þær hafa tíðkast. Sjá „*Minhag Israel Torah He*” — “*Hefðir í Ísrael eru Torah lög.*“

Skjámynd:

Galatabréfið 2.16 Því við vitum, að synir manna réttlætast ekki af lögmálsverkum, heldur fyrir trú á Yeshua Messías. Jafnvel við sem trúðum á hann, vitum að það er fyrir trú á Messías sem við réttlætumst, en ekki fyrir lögmálsverk. Enda réttlætist enginn lifandi maður af lögmálsverkum.

Matt. 16.11-12 Hvernig má það vera, að þér skynjið ekki, að ég var ekki að tala um brauð við yður. Varist súrdeig (deig smitað geri) farísea og saddúkea." Þá skildu þeir, að hann hafði ekki talað um að varast súrdeig í brauði, heldur kenningu farísea og saddúkea.

Skjámynd:

שאר

Deig
„sýrt“ með geri



Matt. 16.11-12 Hvernig má það vera, að þér skynjið ekki, að ég var ekki að tala um brauð við yður. Varist súrdeig (deig smitað geri) farísea og saddúkea." Þá skildu þeir, að hann hafði ekki talað um að varast súrdeig í brauði, heldur **kenningu** farísea og saddúkea.



Það sem örlítið **súrdeig** (ger) gerir deigi, gera kenningar _____ hinu ritaða lögmáli.

Skjámynd:

Galatabréfið 2.18-19 Fari ég að byggja upp aftur það, sem ég braut niður, þá sýni ég og sanna, að ég er sjálfur brotlegur. Því að **af völdum lögmálsins er ég dæinn** til þess að lifa fyrir Elóhím.

Hvaða lögmáls?

Skjámynd:

Galatabréfið 2.18-19 Fari ég að byggja upp aftur það, sem ég braut niður, þá sýni ég og sanna, að ég er sjálfur brotlegur. Því að af völdum **lögmálsins** er ég dæinn til þess að **lifa fyrir Elóhím**.

Munnlega lögmálsins!

3. Mósebók 18.4-5 Lög mín skuluð þér halda og setningar mínar skuluð þér varðveita, svo að þér breytið eftir þeim. Ég er YHWH, Elóhím yðar. Þér skuluð því varðveita setningar mínar og lög. Sá sem breytir eftir þeim skal lifa fyrir þau. Ég er YHWH.

Skjámynd:

Samantekt kaflans:

Rabbínar (farísear) komu frá Jerúsalem til Antíokkíu til að fylgjast með því sem Pétur gerði, til að athuga hvort hann hlýddi valdi faríseanna í Jerúsalem

„Gyðingar“ (Judeans) í Antíokkíu voru ekkert annað en villandi Aramear

„Gyðinglegt eðli“ býr í öllum þeim sem hlýða boðum YHWH eins og þau birtast í lögmáli Móse

Hugtakið „lögmálsverk“ er lögskipuð tjáning allrar kennslu rabbína/farísea

Framhald í næsta þætti...

Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 (14. 15. og 16. júní)



Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010
og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri
til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar,
eða tryggja þér sæti á fyrirlestrunum
hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848
eða með því að senda tölvupóst á torah@internet.is